

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1543*  
*komudagur 6.3.2003*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2003.

Í bréfi yðar dags. 26. febrúar 2003 óskið þér eftir umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

128. löggjafarþing 2002-2003.  
þskj. 150-150. mál.

Það er augljóst að umsögnin takmarkast við III. kafla frumvarpsins. Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Í núgildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga segir svo, 3. mgr. 3. gr. laganna “Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnameðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum”.

Stjórn Innheimtustofnunar hefur ávallt hafnað innheimtubeiðnum skv. ofanskráðu og fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ekki sé bætandi á útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem ávallt greiðir það sem á vantar við innheimtu meðlaga ársins, þannig að hægt sé að gera 100% uppgjör við Tryggingastofnun ríkisins.

Árið 2002 nam þessi upphæð kr. 713 milljónum. Þetta eru tilfinnanleg útgjöld fyrir Jöfnunarsjóðinn, þegar haft er í huga hversu mörg sveitarfélög eru háð honum varðandi afkomu.

Árið 2003 er áætlað að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun muni nema kr. 2.800 milljónum og sækja þurfi kr. 780 milljónir í Jöfnunarsjóð.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun kröfugerð á Tryggingastofnun stóraukast. Óþrúttið fólk getur séð sér leik á borði og gert málamyndasamninga hvað varðar meðlög. Sú trygging sem einfalt meðlag hefur verið og samsvarar barnalífeyri almennatrygginga hefur kostað skattborgarana stórfé.

Ennfremur eru nú lagðar út greiðslur skv. barnalögum, hvað varðar fermingar, skírnir, tannviðgerðir o.fl. Þeir sem vilja og geta greitt meira með börnum sínum geri það sjálfir eins og ávallt hefur verið.

Í frumvarpinu er fjallað um framfærslukostnað barna á aldrinum 13-15 ára og er hann talinn um 500 þús.kr. árlega. Meðlag með einu barni er nú kr. 15.558 pr. mánuð.

Hafa verður í huga að fjárhæð barnalífeyris og annarra fjárhæða í almannatryggingum hefur ávallt tekið mið af almennum töxtum fyrir verkamannavinnu.

Ef miðað er við jafnt framlag beggja foreldra er framlagið kr.  $15.558 \times 2 = 31.116$  eða kr.  $31.116 \times 12 =$  kr. 373.392. Til viðbótar koma óskertar barnabætur einstæðra foreldra (í þessu dæmi) kr. 200.282. Samtals kr. 573.392.

Staðan í dag í þessum efnum er því ekki slæm, þegar íslenskur raunveruleiki er skoðaður.

Niðurstaða Innheimtustofnunar er því sú, að leggjast beri gegn frumvarpinu vegna þess að samþykkt þess rýrir hag þeirra sveitarfélaga, sem þurfa svo mjög á Jöfnunarsjóði að halda.

Virðingarfyllst,  
**Innheimtustofnun sveitarfélaga**

sign.  
Sigurgeir Sigurðsson  
form. stjórnar

sign.  
Hilmar Björgvinsson  
forstjóri